

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 169 27. maí 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 24. október 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur, Rafveitu Voga og Vatnsleysustrandarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveitur Njarðvíkur, Voga og Vatnsleysustrandarhrepps selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 30.30 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 11.90 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 151.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslunum, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 45.00 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 7.20 hver kWst., auk þess skal greiða fastagjald kr. 3.10 á mánuði af gólfplatfermetra íbúðar. Leiga af einum mæli er innifalin í fastagjaldinu.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 16.80 hver kWst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast minnsta árgjalds kr. 4 607.00 á hvert uppsett kW vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 15.60 hver kWst.
3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kW:
 - a) Um kWst.-mæli á kr. 5.30 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á mesta álagstíma rafveitunnar um hádegisd og síðdegis, en þó eigi lengur en 1½ klst. í senn. Notandi kostar klukkurofa fyrir vélalagnir eða tvígjaldsmæli, sem settur er til eftirlits með að rofið sé á tilskildum tímum.
 - b) Um tvígjaldsmæli kr. 33.50 hver kWst., í 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1 klst. í senn, en kr. 5.30 hver kWst. utan þess tíma.
4. Um mæli á kr. 8 408.00 fyrir hvert kW mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálag og auk þess kr. 3.10 á notaða kwst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 88.00 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 38.00 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 70.00 annars staðar.

4. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 2.00 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegið og síðdegis, en þá eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 1.00 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 3.90 hver kWst., án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforku til hitunar.

- a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

5. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 9.70 hverja kWst., enda sé notkun mæld með sérmæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 18.40 hver kWst.
3. Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 3.10 hver kWst. á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 7.20 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 10.30 hver kWst.

Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskráliði, skal selja eftir gjaldskrárlið 1.1.

Gjald-
skrár-
liður

	Amper	Amper	kVA	Kr.
1.	2 × 60	1 × 100	13	27 110.00
2.	3 × 60	2 × 60	22	35 310.00
3.	3 × 100	3 × 60	38	50 630.00
4.			50 sp.	59 980.00
5.		3 × 100	66	83 540.00
6.	3 × 200	3 × 125	75	101 270.00
7.		3 × 200	100 sp.	119 920.00
8.	3 × 350	3 × 300	132	166 260.00
9.			150 sp.	190 660.00
10.			200 sp.	239 870.00
11.	3 × 350	3 × 350	231	271 380.00
12.			300	381 465.00
13.			500	637 320.00

sp. = spennir.

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimitaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimitaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu leið að varkassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa á innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu (samkv. ósk heimtaugarbeiðanda) skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlinustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá. Yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

$Y_j = (312 + kVA)$ kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: $Y_l = (62 + 3 kVA)$ kr./m að viðbættum kr. 12 570.00 á hvern staur í umframlengd. Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana eins og hér segir:

60 amper einfasa	kr. 6 660.00
60 amper þrífasa	— 7 980.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi, t. d. fyrir lengri tíma, og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

6. Ýmis ákvæði.

Söluskattur og verðjöfnunargjald svo og önnur skyld gjöld skv. lögum, eru talin með í upphæð gjaldanna, sem um ræðir í gjaldskrá þessari. Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjöld, sem ákveðin eru í 1. til 6. lið gjaldskrár um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi nú þegar. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár Rafveitna Njarðvíkur, Voga og Vatnsleysustrandarhrepps.

Iðnaðarráðuneytið, 25. október 1974.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.